ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

## við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 24

17. árgangur

12.5.2010

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið

2. Sameiginlega EES-nefndin

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

**2010/EES/22/01** Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5740 – Gazprom/A2A/JV) . . . . . 1

**2010/EES/22/02** Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5790 – Lidl/Plus Romania/Plus Bulgaria) . . . . . 2

3. Dómstóllinn

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/24/01**

**(mál COMP/M.5740 – Gazprom/A2A/JV)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. maí 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Gazprom Germania GmbH („Gazprom Germania“), sem lýtur yfirráðum rússneska fyrirtækisins OAO Gazprom („Gazprom“), og ítalska fyrirtækið A2A Spa („A2A“) öðlast með hlutafjárkaupum í félagi um sameiginlegt verkefni í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í ítalska fyrirtækinu PremiumGas S.p.A („PremiumGas“).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Gazprom Germania: sala á gasi í Evrópu og Samveldi sjálfstæðra ríkja (CIS) ([2]) ásamt smíði gasgrunnvirkja

   – A2A: starfsemi fyrst og fremst á Ítalíu við dreifingu á rafmagi, gasi, fjarhitun og sorpmeðhöndlun

   – PremiumGas: dreifir jarðgasi á Ítalíu

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 126, 18. maí 2010). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5740 – Gazprom/A2A/JV, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   J-70
   B-1049 Bruxelles/Brussel
   BELGIQUE/BELGIË

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

([2]) Löndin í Samveldi sjálfstæðra ríkja eru: Armenía, Aserbaídsjan, Hvíta-Rússland, Kasakstan, Kirgisistan, Moldóva, Rússneska sambandsríkið, Tadsjikistan, Túrkmenistan. Úkraína og Úsbekistan

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/24/02**

**(mál COMP/M.5790 – Lidl/Plus Romania/Plus Bulgaria)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. maí 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýsku fyrirtækin Lidl Romania GmbH og WE Beteiligungs GmbH og rúmenska fyrirtækið S.C. Lidl Romania S.R.L., sem lýtur yfirráðum Schwarz-fyrirtækjasamstæðunnar, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í rúmensku fyrirtækjunum Pludi Market SRL, Tengelmann Real Estate, International SCS og Tengelmann Real Estate International SRL (einu nafni „Plus Romania“), og þar sem þýska fyrirtækið Lidl Bulgaria GmbH, sem einnig lýtur yfirráðum Schwarz-fyrirtækjasamstæðunnar, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í búlgörsku fyrirtækjunum Plus-Bulgaria Targovia KD, Bulgaria Targovia EOOD, Tengelmann Real Estate International Bulgaria KD og Real Estate International Bulgaria EOOD (einu nafni „Plus Bulgaria“).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Lidl/Schwarz: smásölumarkaður fyrir neysluvörur til daglegrar notkunar í stórmörkuðum og lágvöruverðsverslunarkeðjum (Lidl, Kaufland o.s.frv.) í nokkrum löndum Evrópusambandsins

   – Plus Romania: smásölumarkaður fyrir neysluvörur til daglegrar notkunar í lágvöruverðsverslunarkeðjum í Rúmeníu

   – Plus Bulgaria: smásölumarkaður fyrir neysluvörur til daglegrar notkunar í lágvöruverðsverslunarkeðjum í Búlgaríu

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 123, 12. maí 2010). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5790 – Lidl/Plus Romania/Plus Bulgaria, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).